



Tilvísun 2402028/14.1.12

Opið bréf til kjörinna fulltrúa Fjarðabyggðar.

Eftir mikið rót og grams í gömlum heimildum þá virðist val Fjarðarheiðargangna hafa verið gert með vægast sagt vafasömum hætti. Ég átti gott spjall við mann sem vann við ransóknir á Fjarðarheiðargöngum (og áður á öðrum áformuðum (og nú starfræktum) jarðgöngum Austurlands). Hann er öllum hnútum kunnugur varðandi undirbúning jarðganga hér eystra og honum hafi hreinlega ofboðið ófagleg vinnubrögð Seyðfirðinga og margra Héraðsmanna á sínum tíma. Skýrsla Stjórnarráðsins 2019 og þá aðallega aðkoma KPMG og fyrrum Vegamálastjóra er í hans huga bara keypt áróðursplagg. Ég minni líka á að KPMG fékk á sig dóm eftir bankahrunið vegna falskra heilbrigðisvottorða til undirstöðulítilla banka og fleiri fjármála- og stórfyrirtækja eigum við að geta treyst því að KPMG sé faglega burðugt til að gera jafn mikilvæga úttekt og þessa? Fyrrum vegamálastjóri setti bara "útsöluverðmiða" hálf kostnaðargjald á gangaframkvæmdina. Aðkoma þessara aðila og ekki síst "ávinningstaflan" í skýrslunni fyrir Austurland, dæmir í stórum dráttum heilindi þeirrar skýrslu. Allar samþykktir um jarðgöng á Austurlandi sem gerðar voru fyrir árið 2002 eru gerðar í umhverfi sem ekki var til staðar 5 árum síðar er stóriðjan í Reyðarfirði var orðin að veruleika. Eftir þann tíma hefur verið mikilvægast að vinnuaflið á Héraði eigi sem greiðastan aðgang að atvinnu og fyrirtækjum fjórðungsins. Það verður ekki gert með göngum undir Fjarðarheiði heldur líklega síðarmeir með göngum undir Eskifjarðarheiði. Það er án efa skylda kjörinna fulltrúa Fjarðabyggðar að standa vörð um brothætta byggð Mjóafjarðar og reyna eftir fremsta megni að stuðla að uppbyggingu þar. Mjóifjörður er hluti af Fjarðabyggð ekki gleyma því! Við skorum því á kjörna fulltrúa Fjarðabyggðar að draga samþykki sitt innan SSA til baka og styðja við að Fjarðagöng verði næst á samgönguáætlun ásamt því að fá til dæmis Háskólann á Akureyri til að greina hagrænan og félagslegan ávinning mismunandi samgönguleiða og jarðgangaleiða á Austurlandi fyrir opnum tjöldum.

Fyrir hönd 850 einstaklinga á undirskriftalista um áskorun á samgönguyfirvöld um að setja Fjarðagöng í forgang á samgönguáætlun.

Virðingarfyllst Erlendur Magnús Jóhannsson

Þórður Vilberg Guðmundsson
forstöðumaður stjórnsýslu- og upplýsingamála